

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 12/1999

Eðalvörur ehf.

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Með bréfi, dags. 30. júlí 1999, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 3. ágúst s.á., hefur Sigurður Þórðarson, fyrir hönd Eðalvara ehf. kært ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem birt var honum með bréfi dags. 6. júlí 1999.

Í fyrrgreindu bréfi Samkeppnisstofnunar kemur fram að stofnunin muni ekki aðhafast frekar vegna kvörtunar áfrýjanda frá 5. febrúar 1999 sem varðaði auglýsingar fyrirtækisins Cetus ehf. á “Power Ginsengi”.

Áfrýjandi krefst þess að Samkeppnisstofnun verði gert að taka málið til frekari meðferðar og gæta þess að virt séu ákvæði 9. og 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að þann 22. janúar 1999 birtist í Morgunblaðinu auglýsing á “power ginsengi” frá fyrirtækinu Cetus ehf.. Auglýsingin hafði að geyma eftirfarandi tilvitnun úr bókinni Lækningamáttur líkamans : “Ef ginseng-afurðir eru ósviknar innihalda þær ginsenosíð. Því meira þeim mun betra. Mönnum er því ráðlagt

að kaupa aðeins afurðir með stöðluðu ginsengosið-innihaldi.” Þá kom fram í auglýsingunni að ginsenosíð sé hið virka efni ginseng-rótarinnar.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 5. febrúar 1999, benti áfrýjandi á ýmislegt í fyrrgreindri auglýsingu sem hann taldi rangt. Ennfremur var vakin athygli á áletruninni “The strongest Ginseng in the World” á umbúðum fyrir “power ginseng”.

Erindi áfrýjanda var sent fyrirtækinu Cetus ehf. til umsagnar 10. febrúar 1999. Umsögn Cetus ehf. barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 19. febrúar 1999. Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 19. mars 1999, var óskað eftir frekari athugasemdum frá áfrýjanda. Með símbréfi, dags. 24. mars 1999 bárust Samkeppnisstofnun frekari upplýsingar frá fyrirtækinu Cetus ehf.. Þau gögn voru send áfrýjanda til umsagnar þann 25. mars 1999. Athugasemdir áfrýjanda bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 31. mars 1999. Með bréfi, dags. 8. apríl 1999, var Cetus ehf. veitt tækifæri á að koma að frekari athugasemdum. Athugasemdir fyrirtækisins bárust Samkeppnisstofnun þann 4. maí 1999, ásamt frekari upplýsingum og bæklingum. Með bréfi, dags. 19. maí 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun áfrýjanda að stofnunin teldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna málsins. Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 25. maí 1999, vakti áfrýjandi athygli á ýmsum atriðum varðandi gingsen og benti hann á að æskilegt væri að leita til sérfróðra manna á þessu sviði. Með bréfi, dags. 6. júlí 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun áfrýjanda að þau atriði sem hann hefði bent á í bréfi sínu dags. 25. maí 1999 gæfu ekki tilefni til frekari málsmeðferðar.

III.

Áfrýjandi telur að mál þetta varði brot á 21. gr. samkeppnislaga. Upplýsingar sem gefnar séu á umbúðum “power gingseng” og í auglýsingum feli í sér brot á fyrrnefndu ákvæði.

Að mati áfrýjanda er ljóst af fylgiskjölum þeim sem hann hefur lagt fram að athugasemdir hans eigi við rök að styðjast. Áfrýjandi bendir á að hann hafi hvatt Samkeppnisstofnun til að leita til sérfróðra aðila um mál þetta, en það hafi ekki verið gert.

Vegna fyrirspurnar frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála, um lagagrunn hinnar kærðu ákvörðunar, bendir Samkeppnisstofnun á að í 8. gr. samkeppnislaga komi fram að samkeppnisráð geti falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum

sviðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur. Bent er á að í 1. gr. reglna samkeppnisráðs nr. 672/1994 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda komi fram að hlutverk þeirra sé m.a. að ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum og hafa eftirlit með því að ekki séu veittar rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Í 4. gr. komi fram að samkeppnisráð taki ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið sé úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og í málum sem hafi stefnumarkandi eða víðtæk áhrif. Jafnframt segir í ákvæðinu að samkeppnisráð taki ákvarðanir á grundvelli 17. og 18. gr samkeppnislaga og um sektir. Að mati Samkeppnisstofnunar sést af framangreindu að gert er ráð fyrir að Samkeppnisstofnun geti m.a. tekið endanlega ákvörðun á fyrsta stjórnarsýslustigi í “venjulegum” málum sem varða óréttmæta viðskiptahætti eða villandi auglýsingar, sbr. einnig 9. gr. samkeppnislaga. Að mati Samkeppnisstofnunar fellur hin kærða ákvörðun skýrlega innan ákvörðunarvalds stofnunarinnar.

Hvað varðar efnisatriði málsins vísar Samkeppnisstofnun til röksemda í bréfi stofnunarinnar dags. 19. maí 1999.

IV.

Niðurstöður.

Í fyrrgreindu bréfi Samkeppnisstofnunar frá 19. maí 1999 til áfrýjanda segir svo í niðurlagsorðum: “Ef þér hafið athugasemdir fram að færa við þessi málalok þurfa þær vinsamlegast að hafa borist stofnuninni innan viku frá dagsetningu þessa bréfs. Málið mun þá lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar.”

Eins og fyrr greinir sendi áfrýjandi athugasemdir sínar með bréfi dags. 25. maí 1999 til Samkeppnisstofnunar en Samkeppnisstofnunin taldi í bréfi dags. 6. júlí 1999 til áfrýjanda að athugasemdir hans gæfu ekki tilefni til frekari málsmeðferðar. Í bréfinu var athygli áfrýjanda vakin á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar samkeppnismála samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga.

Í lokamálslið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga segir svo: “Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur.” Samkeppnisráð hefur sett reglur nr. 672/1994 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Í 4. gr. þeirra er að finna nokkra lýsingu á þeim málaflokkum sem samkeppnisráð tekur ákvarðanir í en í 5. gr. reglnanna er einkum

fjallað um heimild Samkeppnisstofnunar til að taka ákvarðanir til bráðabirgða. Heimild til handa Samkeppnisstofnun til að fara með ákvörðunarvald sem tekur til þess máls sem hér er til meðferðar er hins vegar hvorki að finna í fyrrgreinum ákvæðum né öðrum heimildum.

Af þessu leiðir að mál áfrýjanda hefur ekki fengið lögmæta meðferð fyrir samkeppnisráði. Ber af þessum sökum að vísa málinu frá áfrýjunarnefndinni.

V.

Úrskurðarorð.

Máli þessu er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 13. september 1999.

Stefán Már Stefánsson

Erla S. Árnadóttir

Anna Kristín Traustadóttir

Rétt endurrit staðfestir;